

**Fundargerð 16. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,
4. september 2019 , kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Magnús Sigfús Magnússon, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Daði Bergþórsson, Elín Björg Gissurardóttir, Svavar Grétarsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Bæjarstjórn og bæjarráð fundaráætlun 2019-2020 - 1908080

Fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs 2019-2020

Afgreiðsla:

Fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs 2019-2020 samþykkt samhljóða.

2. Ósk um tímabundið leyfi - 1905084

Erindi dags. 20.08.2019 frá Bryndísi Einarsdóttur, ósk um tímabundið leyfi sem varabæjarfulltrúi.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að verða við erindinu og veita Bryndísi Einarsdóttur tímabundið leyfi frá störfum sem varabæjarfulltrúi til september 2020.

3. Fastanefndir: kosning - 1806759

Breytingar á fulltrúum D-lista í Ferða-, safna- og menningarráði.

Til máls tók: ÓÞÓ

Afgreiðsla:

Tillaga frá D-lista um breytingar á fulltrúum í Ferða-, safna- og menningarráði: Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir taki sæti Bryndísar Einarsdóttur sem aðalmaður og varaformaður. Davíð S. Árnason taki sæti Guðmundar Magnússonar sem aðalmaður. Nýir varamenn verði Jón Ragnar Ástþórsson og Sunneva Ósk Þóroddsdóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Göngustígur milli Garðs og Sandgerðis - 1809097

Á 13. fundi framkvæmda- og skipulagsráðs dags. 29.08.2019 var samþykkt að fela Skipulags- og umhverfisviði að undirbúa útboð og grenndarkynningu vegna framkvæmdar á göngustíg á milli Garðs og Sandgerðis.

Til máls tóku: MS, HS, HH, LE, MSM, FS og ÓÞÓ.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

5. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2019 - 1901110

12. fundur dags. 29.08.2019.

Til máls tóku: ÓPÓ, HS og MSM.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla fjölskyldu-og velferðarráðs vegna máls nr. 4 um samráðshóp um málefni fatlaðs fólks í Suðurnesjabæ samþykkt samhljóða. Umræðu um mál nr. 5 um samþykktir vegna Öldungaráð Suðurnesjabæjar er frestað.

Fundargerðin lögð fram og staðfest.

6. Framkvæmda- og skipulagsráð - 13 - 1908010F

Fundur dags. 29.08.2019.

Til máls tóku: SG, HH, ÓPÓ og MSM.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram og staðfest.

- 6.1 1812063 - Verndarsvæði í byggð - Útgarður
Samþykkt að vísa málinu til kynningar hjá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.
- 6.2 1810110 - Keflavíkurflugvöllur - Skipulagsreglur
Ráðið gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar skipulagsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll.
- 6.3 1901001 - Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 breytingar- flutt úr eldri gögn Garður
Ráðið gerir ekki athugasemdir við tillögu um breytingar á Svæðisskipulagi Suðurnesja.
- 6.4 1907083 - Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035
Ráðið gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Reykjanesbæjar.
- 6.5 1906026 - Miðhúsavegur - umsókn um stöðuleyfi
Ekki er heimilt að veita stöðuleyfi vegna húsnæðis undir varanlega búsetu og er slíkt húsnæði er ávallt byggingarleyfissskilt. Samkvæmt aðalskipulagi er landnotkun á fyrirhugaðri staðsetningu "opið svæði" auk þess sem hverfisvernd ríkir svæðinu. Erindi hafnað.
- 6.6 1907080 - Skagabraut 26 - umsókn um lóð
Samþykkt.
- 6.7 1907081 - Fjöruklöpp 26-32 - umsókn um lóð
Samþykkt.
- 6.8 1907082 - Skagabraut 13 - umsókn um lóð
Samþykkt.
- 6.9 1907084 - Sjónarhóll 11 - umsókn um lóð
Samþykkt.

- 6.10 1907090 - Lækjamót 73-75 - umsókn um lóð
Samþykkt.
- 6.11 1908049 - Dynhóll 5 - umsókn um lóð
Samþykkt.
- 6.12 1903079 - Norðurgata 24 - bygging bílgeymslu - fyrirspurn
Erindi frestað. Byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjanda um athugasemdir við framlögð gögn.
- 6.13 1908030 - Bárugerði - fyrirspurn - bygging starfmannaaðstöðu
Samkvæmt aðal- og deiliskipulagi er svæðið verslunar- og þjónustusvæði og því óheimilt að byggja á því íbúðarhús. Erindi hafnað.
- 6.14 1908034 - Norðurljósavegur 2 - Fyrirspurn um stækkun lóðar fyrir byggingu 4 Norðurljósahúsa
Norðurljósavegur 2 er á svæði sem deiliskipulagt var undir hótél, gististarfssemi og þjónustu árið 2015. Sú lóðarstækkun sem óskað er eftir er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag auk þess sem svæðið er skv. gildandi Aðalskipulagi skilgreint sem "opið svæði". Við deiliskipulagsgerð svæðisins var m.a. lögð áhersla á að byggingar ofan Skagabrautar færu ekki nær götunni en skipulagið gerir ráð fyrir til að þrengja ekki um of að sérkennum svæðisins og víðáttu. Ráðið hafnar með fyrrgreindum rökum hugmyndum um lóðarstækkun og hvetur lóðarhafa til að finna hugmyndinni aðra staðsetningu innan núverandi lóðar.
- 6.15 1908016 - Leiðbeiningar um gjaldskrá byggingarfulltrúaembætta
Ráðið gerir ekki athugasemdir við drögin og felur byggingarfulltrúa að vinna frekar með þau við mótun nýrrar gjaldskrár fyrir árið 2020.
- 6.16 1809097 - Göngustígur milli Garðs og Sandgerðis
Samþykkt að fela Skipulags- og umhverfissviði að undirbúa útboð og grenndarkynningu vegna framkvæmdarinnar.
- 6.17 1902074 - Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019
Lagt fram til kynningar.

7. Bæjarráð - 25 - 1905018F

Fundur dags. 20.06.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 7.1 1905099 - Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum
Samþykkt að fela bæjarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna, um samstarf sveitarfélaganna á Suðurnesjum, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Embættis landlæknis, um heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum. Einnig samþykkt að í samstarfi við Embætti landlæknis verði skoðaðir kostir þess að Suðurnesjabær verði heilsueflandi samfélag.
- 7.2 1806442 - Kalka sorpeyðingarstöð og Sorpa staða á sameiningarhugmyndum
Samþykkt að verða við erindi bæjarráðs Reykjanesbæjar um skipan samráðshóps fulltrúa sveitarfélaganna. Ólafur Þór Ólafsson formaður bæjarráðs verði fulltrúi Suðurnesjabæjar í samráðshópnum.
- 7.3 1903085 - Samdráttur á Keflavíkflugvelli vegna flugfélagsins WOW
Lagt fram.

- 7.4 1905094 - Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga
Lagt fram.
- 7.5 1903023 - Félagsþjónusta samstarfssamningur við Sveitarfélagið Voga
Drög að samstarfssamningi samþykkt með áorðnum breytingum,
bæjarstjóra falið að undirrita samninginn.
- 7.6 1807110 - Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta
Drög að samstarfssamningi samþykkt, bæjarstjóra falið að undirrita
samninginn.
- 7.7 1901049 - Styrkir almennt - 2019
Samþykkt að fela bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um erindið,
afgreiðslu málsins frestað.
- 7.8 1901105 - Samband íslenskra sveitarfélaga landsþing 2019
Lagt fram.
- 7.9 1906018 - Bláa Lónið fundarboð aðalfundar 2019
Samþykkt að Ólafur Þór Ólafsson formaður bæjarráðs fari með umboð
Suðurnesjabæjar á aðalfundinum.
- 7.10 1807035 - Aðalskipulag Suðurnesjabæjar
Dómnefnd hefur yfirfarið samkeppnislýsinguna og gerir tillögu um breytingar
sem skerpa á áherslum og hefur orðalag verið lagfært. Ekki eru lagðar til
stórar efnislegar breytingar á samkeppnislýsingunni.
Samkeppnislýsingin samþykkt með áorðnum breytingum.
- 7.11 1806408 - Þjónustusamningur: fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
Drög að þjónustusamningi samþykkt, bæjarstjóra falið að undirrita
samninginn.
- 7.12 1806557 - Sandgerðishöfn - Suðurgarður
Samþykkt að farið verði að tillögu Vegagerðarinnar um að lægsta tilboði í
verkið verði tekið. Málinu vísað til kynningar í Hafnarráði.
- 7.13 - Hafnarráð - 6
Fundargerðin lögð fram.
- 7.14 1901063 - Kalka sorpeyðingarstöð fundargerðir 2019
Fundargerðin lögð fram.
Bæjarráð tekur undir þakkir stjórnar Kölku til fráfarandi framkvæmdastjóra
við starfslok hans.
- 7.15 1902041 - Reykjanes jarðvangur fundargerðir 2019
Fundargerðin lögð fram.

8. Bæjarráð - 26 - 1906010F

Fundur dags. 26.06.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 8.1 1906009 - Gerðaskóli - Beiðni um viðauka vegna haustannar 2019

Afgreiðsla:

Samþykkt að verða við erindinu og bæjarstjóra falið að leggja tillögu um
viðauka fyrir bæjarráð.

- 8.2 1811020 - Fjölskyldusvið-skipulag frístunda- og félagsþjónustudeildar
Afgreiðsla:

Tillögur í minnisblaðinu samþykktar og vísað til kynningar í Fjölskyldu-og velferðarráði. Bæjarstjóra falið að leggja tillögu um viðauka fyrir í bæjarráði þar sem gert verður ráð fyrir 50% auknu stöðugildi á fjölskyldusviði.

- 8.3 1902039 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags
Afgreiðsla:

Erindi sviðsstjóra samþykkt fyrir skólaárið 2019-2020. Bæjarstjóra falið að leggja tillögu um viðauka fyrir bæjarráð.

- 8.4 1809079 - Gerðaskóli - húsnæðismál
Afgreiðsla:

Tillaga stýrihópsins um lausnir á þörf fyrir kennslurými samþykkt. Húsrými almenningsbókasafns á neðri hæð verði nýtt sem kennslurými fyrir 1. bekk á komandi skólaári. Íbúum í Garði verður veitt bókasafnsþjónusta frá almenningsbókasafninu í Sandgerði meðan þessi tímabundna ráðstöfun stendur yfir. Bæjarráð leggur áherslu á að útfærsla á bókasafnsþjónustu fyrir íbúa í Garði liggja fyrir sem allra fyrst.

- 8.5 1902033 - Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda
Afgreiðsla:

Erindið samþykkt með tilvísun í reglur um styrki til félagasamtaka til greiðslu fasteignagjalda.

- 8.6 1903015 - Tillaga til þingsályktunar um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum
Afgreiðsla:

Bæjarráð Suðurnesjabæjar fagnar því að Alþingi hafi samþykkt þingsályktunartillögu þingmanna Suðurkjördæmis um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Jafnframt lýsir bæjarráð ánægju með samstöðu þingmanna kjördæmisins í málinu. Suðurnesjabær er reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum í þeirri vinnu sem framundan er á grundvelli ályktunar Alþingis og væntir þess að vinna samkvæmt henni hefjist sem fyrst.

- 8.7 - Fræðsluráð - 9
Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

9. Bæjarráð - 27 - 1906022F

Fundur dags. 10.07.2019.

Til máls tók: DB, HS, FS, HH, MSM og ÓPÓ.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 9.1 1902074 - Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019
Afgreiðsla:

Sviðsstjóri fór yfir framkvæmdaáætlun ársins 2019. Lagt var fram minnisblað frá sviðsstjóra varðandi framkvæmdir við hringtorg við Byggðaveg. Bæjarráð samþykkir að viðhaft verið lokað útboð/verðkönnun vegna framkvæmdanna við hringtorgið í samræmi við minnisblaðið.

- 9.2 1903062 - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga- fjárfesting og eftirlit með framvindu 2019

Afgreiðsla:

Bæjarstjóra falið að kynna erindið sviðsstjórum og vinna áfram.

- 9.3 1906047 - Samþykkt stjórnar sambandsins vegna erindis ASÍ um áhrif hækkunar fasteignamats og hugsanleg viðbrögð sveitarfélaga

Afgreiðsla:

Erindið lagt fram.

- 9.4 1907010 - Almenningsbókasafnið í Garði tímabundin lokun

Afgreiðsla:

Bæjarráð lýsir ánægju sinni með samvinnu starfsfólks bókasafnanna í Suðurnesjabæ við að tryggja íbúum bæjarfélagsins og þá sérstaklega íbúum í Garði sem besta þjónustu í því ástandi sem skapast hefur vegna tímabundinnar lokunar bókasafnsins í Garði. Bæjarráð leggur áherslu á að sú þjónusta sem í boði verður verði kynnt íbúum hið fyrsta.

- 9.5 1907011 - Nordregio - heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

- 9.6 1907016 - Staða í samningarmálum

Afgreiðsla:

Líkt og önnur sveitarfélög hefur Suðurnesjabær framselt samningsumboð sitt til Sambands íslenskra sveitarfélaga og því er sveitarfélaginu ekki heimilt að hafa afskipti af deilunni á meðan samningsumboðið er hjá sambandinu.

- 9.7 1807105 - Stækkun Keflavíkurfluvallar - drög að matsáætlun

Afgreiðsla:

Bæjarráð tekur undir það álit bæjarstjórnar Reykjanesbæjar að Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja taki til skoðunar þær afleiðingar sem flugvöllur í Hvassahrauni myndi hafa fyrir Suðurnesin.

- 9.8 1907025 - Úttekt Reykjanes Geopark 2019

Afgreiðsla:

Bæjarráð leggur áherslu á mikilvægi þess að Jarðvangurinn njóti áfram vottunar UNESCO sem einstakt landfræðilegt jarðsvæði með minjum á heimsvísu og hvetur bæjarfulltrúa, embættismenn og íbúa til að kynna sér hann nánar.

- 9.9 1907032 - Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga

Afgreiðsla:

Bæjarráð hvetur kjörna fulltrúa til að kynna sér dagskrá þingsins og sækja það hafi þeir tök á. Þá telur bæjarráð mikilvægt að það starfsfólk sveitarfélagsins sem fer með mannauðsmál mæti á landsfundinn.

- 9.10 1907038 - Samstarf safna - ábyrgðarsöfn
Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir að Suðurnesjabær taki þátt í fýsileikakönnun vegna samstarfs safna sem er unnin í tengslum við byggðaáætlun 2018-2024. Erindinu vísað til ferða-, safna- og menningarráðs til kynningar.

- 9.11 1907039 - Þjóðskrá Íslands - fasteignamat 2020
Afgreiðsla:

Lagt fram.

Bæjarráð leggur áherslu á að í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2020 verði leitast við að milda áhrif hækkunar fasteigmats í gjaldskrám Suðurnesjabæjar með sama hætti og gert var fyrir árið 2019.

- 9.12 1901110 - Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2019
Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.
Mál nr. 3 í fundargerð staðfest.
Mál nr. 4 í fundargerð staðfest.

- 9.13 1902057 - Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2019
Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 9.14 1901021 - Öldungaráð Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga
Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.
Bæjarráð tekur undir áherslur öldungaráðs á þróun og uppbyggingu dagdvalarrýma í heimabyggð, heilsueflandi heimsóknir fyrir eldri borgara og almenna heilsueflingu og virkni eldri borgara.

- 9.15 1901109 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerðir 2019
Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 9.16 1906050 - Fasteignafélag Sandgerðis fundargerðir 2019
Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

10. Bæjarráð - 28 - 1907008F

Fundur dags. 24.07.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 10.1 1907062 - Bæjarráð formaður

Vegna fjarveru kjörins formanns og varaformanns bæjarráðs er samþykkt að Laufey Erlendsdóttir varamaður formanns fari með umboð formanns bæjarráðs á þessum 28. fundi.

- 10.2 1902024 - Hjallastefnan - uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs
Með breytingum á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997, lögum nr. 127/2016 sem einnig náðu til lífeyrissjóðsins Brúar, náðist að samræma lífeyriskerfi allra landsmanna. Ríkissjóður tók á sig um þriðjung skuldbindinga sveitarfélaga í LSR gegn því skilyrði að sveitarfélögin gerðu upp skuldbindingar sínar gagnvart A-deild Brúar. Það hafa sveitarfélögin gert. Við breytingu á lögum um opinberu lífeyrissjóðina láðist að taka fram með ótvíræðum hætti hvernig gera skyldi upp skuldbindingar sjálfstætt starfandi aðila þegar starfsmenn þeirra ættu aðild að opinberum lífeyrissjóðum á grunni kjarasamninga.
Í samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Brúar lífeyrissjóðs, samhliða lagabreytingunni, skuldbatt ríkissjóður sig til að greiða án lagaskyldu framlag til A-deildar Brúar vegna skuldbindinga aðila, þ.m.t. sveitarfélaga, vegna verkefna sem að meirihluta eru fjármöggnuð af ríkissjóði með samningum og ríki ber að sinna.
Á sama hátt, án ótvíræðrar lagaskyldu, fellst Suðurnesjabær á að greiða til Brúar lífeyrissjóðs áfallnar lífeyrisskuldbindingar í Jafnvæggissjóð og Varúðarsjóð vegna Hjallastefnunnar á grunni þjónustusamnings Hjallastefnunnar við Suðurnesjabæ samtals kr. 4.108.055.

Bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun vegna málsins.

Samþykkt samhljóða.

- 10.3 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar
Viðaukar 9 og 10 samþykktir samhljóða.
- 10.4 1907041 - Samráðsfundur um ráðstöfun 5,3% aflaheimilda
Lagt fram til kynningar. Fulltrúar sveitarfélagsins mæta á fundin.
- 10.5 1901049 - Styrkir almennt - 2019
Samþykkt samhljóða að hafna umsókninni, enda samræmist hún ekki viðmiðum sem unnið er eftir við úthlutun styrkja.
- 10.6 1812049 - Skagabraut 17
Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að gera samning við umsækjanda um stuðning og aðgengi að einkasafni hans að Skagabraut 17.
- 10.7 - Framkvæmda- og skipulagsráð - 12
Fundargerðin lögð fram.

11. Bæjarráð - 29 - 1907014F

Fundur dags. 14.08.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

- 11.1 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar
Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að staðfesta viðauka 11, 12 og 13.

11.2 1908012 - Rekstraryfirlit 2019

Afgreiðsla:

Rekstraryfirlit lagt fram og yfirfarið.

11.3 1810093 - Langtíma búsetuúrræði fyrir ungmenni

Afgreiðsla:

Samþykkt að verða við erindinu varðandi búsetuúrræði eins og gerð er grein fyrir í minnisblaði deildarstjóra. Bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun vegna málsins.

11.4 1907091 - Símakostnaður starfsmanna

Afgreiðsla:

Drög að samningi um símastyrk og símakaup samþykkt.

11.5 1907055 - Lokun bókasafns í Garði

Afgreiðsla:

Bæjarráð fagnar því að íbúar láti sig varða þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir og þakkar fyrir erindin. Bæjarráð telur rétt að halda til haga að breytingar á bókasafnsþjónustu í Suðurnesjabæ eru tilkomnar vegna aðgerða til að bregðast við húsnæðisþörf Gerðaskóla. Bæjarráð tekur undir það sjónarmið að mikilvægt er að íbúar hvar sem er í sveitarfélaginu hafi góðan aðgang að almenningsbókasafni nú sem og um alla tíð og leggur áherslu á að útfærsla þeirrar þjónustu verði kynnt sem allra fyrst.

11.6 1908010 - Grindhvalir í fjöru við Útskálakirkju

Afgreiðsla:

Bæjarráð þakkar starfsfólki Suðurnesjabæjar og öllum þeim aðilum sem komu að aðgerðum fyrir þeirra framlag og vel unnin störf. Bæjarráð álitur að vel hafi tekist til við lausn verkefnisins og sé öllum viðkomandi til sóma.

11.7 1905094 - Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga

Afgreiðsla:

Lagt fram.

11.8 1908013 - Grænbók um flugsamgöngur

Afgreiðsla:

Bæjarráð Suðurnesjabæjar fagnar því að unnið sé að mótun flugstefnu fyrir Ísland. Flugstöð Leifs Eiríkssonar og flugtengd starfsemi, ásamt stærstum hluta Keflavíkurflugvallar eru í Suðurnesjabæ. Í ljósi þess saknar bæjarráð þess að ekki hafi verið haft beint samráð við Suðurnesjabæ og sveitarfélögin á Suðurnesjum við mótun flugstefnunnar er varðar alþjóðaflug. Bæjarráð bendir á að slík aðkoma sveitarfélaganna að verkefninu væri jákvæð og gagnleg fyrir alla aðila.

Keflavíkurflugvöllur er einn mikilvægasti hlekkurinn í samgöngukerfi Íslands. Fyrir Ísland sem er staðsett á miðju Atlantshafi eru greiðar flugsamgöngur til og frá landinu ein mikilvægasta forsenda þess að samfélagið geti þróast og byggst upp í takti við önnur lönd sem við berum okkur saman við. Einnig eru greiðar flugsamgöngur ein mikilvægasta forsenda þess að atvinnulíf í

landinu geti átt sem mest og best viðskipti við önnur lönd. Að því leyti fagnar bæjarráð þeim áherslum sem birtast í drögum að flugstefnu, þar sem tekið er mið af þeim miklu möguleikum sem felast í því að efla flugsamgöngur um Keflavíkurflugvöll enn frekar, sem tengiflugvallar, og til farþega-og fraktflutninga til og frá landinu. Frekari uppbygging Keflavíkurflugvallar felur því í sér mikil tækifæri fyrir landið allt. Bæjarráð leggur því áherslu á að þau áform sem eru um frekari uppbyggingu Keflavíkurflugvallar komist til framkvæmda.

Góðir og fullnægjandi varaflugvellir eru mikilvægir út frá flugöryggi alþjóðaflugs. Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að nauðsynleg uppbygging varaflugvalla verði ekki fjármögnuð með fjármagni frá rekstri Keflavíkurflugvallar, slíkt myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á nauðsynlega uppbyggingu Keflavíkurflugvallar og þar með leiða til þess að mikilvæg tækifæri fari forgörðum ef litið er til alls atvinnulífs í landinu. Þess vegna fagnar bæjarráð því að í niðurstöðum starfshóps sem vann drög að flugstefnu er áhersla á að uppbygging varaflugvalla verði ekki fjármögnuð af rekstri Keflavíkurflugvallar.

Fyrir þjóð sem byggir jafn mikið á flugsamgöngum og Íslendingar er ein grunnforsenda að búa að öflugum flugnámi, rétt eins og viðurkennt hefur verið um langa tíð að mikilvægt sé að bjóða upp á öflugt skipstjórnar- og vélstjórnarnám fyrir fiskiskipaflota þjóðarinnar. Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að Keilir, Flugskóli Íslands er stærsti flugskóli landsins, með höfuðstöðvar á Ásbrú. Mikil þörf er fyrir vel menntaða flugmenn og blasir við að sú þörf muni aukast. Í drögum að flugstefnu er lögð áhersla á aukna menntun og nýsköpun í þessari mikilvægu grein og því ber að fagna. Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að flugnám verði einn hluti menntakerfisins og opnað verði fyrir aðgengi flugnema að námslána- og styrkjakerfi eins og á við um annað lánshæft nám.

Í drögum að flugstefnu er ekki með beinum hætti tekin afstaða til hugmynda um nýjan alþjóðaflugvöll í Hvassahrauni. Bæjarráð minnir á að sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa ekki haft neina aðkomu að umfjöllun um þetta mál og hvetur samgönguyfirvöld til þess að sveitarfélögin fái tækifæri til að taka eðlilegan þátt í umfjöllun um málið, ef svo fer að framhald verði á því. Jafnframt bendir bæjarráð á að ómarkviss umræða um mögulega uppbyggingu flugvallar í næsta nágrenni Keflavíkurflugvallar skapi óvissu og sé til þess fallin að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum og fjárfestingum við frekari uppbyggingu Keflavíkurflugvallar.

Í kafla 21 er fjallað um betri samskipti milli aðila í flugi og flugtengdri þjónustu, með því að komið verði á umræðu-og samstarfsvettvangi aðila. Bæjarráð leggur til að auk þeirra aðila sem taldir eru til á bls. 87 eigi fulltrúar sveitarfélaga í nærsamfélagi Keflavíkurflugvallar aðild að slíkum vettvangi.

11.9 1903076 - Sandgerðisdagar 2019

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

11.10 1902074 - Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019

Afgreiðsla:

Samþykkt að lágsta tilboði í verkið verði tekið og samið verði við

verktakann Grjótgarða á grundvelli tilboðs hans.

11.11 1901110 - Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2019

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

12. Bæjarráð - 30 - 1908005F

Fundur dags. 28.08.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram.

12.1 1806440 - Framkvæmdir: Fráveita: Útrás og hreinsistöð við Norðurgarð

Afgreiðsla:

Bæjarráð leggur áherslu á að framkvæmdir við útrás komist á framkvæmdastig á árinu 2019 í samræmi við samþykktu fjárfestingaráætlun.

12.2 1901013 - Leikskólamál

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram.

Samþykkt að fela sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að vinna tillögu um staðsetningar sem koma til greina fyrir nýjan leikskóla í Sandgerði. Ítarlegri greinargerð verði lögð fram á næsta fundi bæjarráðs.

12.3 1905099 - Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Bæjarráð fagnar samstarfi um heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum.

12.4 1908041 - Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram.

Samþykkt að veita styrk til verkefnisins að fjárhæð kr. 400.000.

12.5 1905094 - Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga

Afgreiðsla:

Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að þeim sveitarfélögum sem takast á við sameiningar sé tryggður nægjanlegur fjárhagslegur stuðningur til að takast á við þau víðfemu og kostnaðarsömu verkefni sem slíku fylgir.

12.6 1905067 - Unicef á Íslandi - hvatning um heildstætt og samræmt verklag

Afgreiðsla:

Erindið lagt fram.

Samþykkt að vísa málinu til umfjöllunar í fjölskyldu- og velferðarráði.

12.7 1903032 - Málþing og ráðstefnur

Afgreiðsla:

Samþykkt að vísa málinu til kynningar í fræðsluráði. Kjörnir fulltrúar sem hafa tök á eru hvattir til að sækja skólapingið. Þá eru þeir stjórnendur sem koma að skipulagi skólustarfs hvattir til þess að sækja þingið.

- 12.8 1907032 - Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga
Afgreiðsla:

Lagt fram.

Fulltrúar Suðurnesjabæjar munu sækja landsfundinn.

- 12.9 1908052 - Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
Afgreiðsla:

Lagt fram.

- 12.10 1903011 - Forkaupsréttur fiskiskipa
Afgreiðsla:

Samþykkt að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti vegna sölu skipanna.

- 12.11 1908010 - Grindhvalir í fjöru við Útskálakirkju
Afgreiðsla:

Samþykkt að ganga frá uppgjöri við Björgunarsveitina Ægi samkvæmt tillögu í minnisblaði.

13. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2019 - 1902057

746. stjórnarfundur S.S.S. 14.08.2019

747. stjórnarfundur S.S.S. 29.09.2019

Til máls tóku: HH, MS, HS og ÓÞÓ.

Afgreiðsla:

Varðandi mál nr. 4 í fundargerð 746.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar tekur undir með stjórn SSS og lýsir vonbrigðum með tillögur sem fram koma í minnisblaði frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneyti um framtíðar fyrirkomulag á rekstrarformi almenningsamgangna. Í þeim tillögum felst m.a. að sveitarfélögin taki ábyrgð á mögulegum halla á rekstri almenningsamgangna, en þessi málaflokkur er á ábyrgð ríkisins.

Fundargerðirnar lagðar fram.

14. Brunavarnir Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1902009

Fundargerð 40. stjórnarfundar dags.28. maí 2019

Fundargerð 41. stjórnarfundar dags. 12. júní 2019

Afgreiðsla:

Fundargerðir lagðar fram.

15. Kalka sorpeyðingarstöð fundargerðir 2019 - 1901063

505. fundur stjórnar dags. 13.08.2019.

Afgreiðsla:

16. fundur Bæjarstjórnar
06.09.2019

Fundargerðin lögð fram.

16. Heklan fundargerðir 2019 - 1902058

73. fundur dags. 02.09.2019.

Til máls tóku: MS og ÓÞÓ.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

17. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - fundargerðir - 1908077

Fundargerð 53.fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 20. ágúst 2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

Fundi slitið kl. 19:10.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Haraldur Helgason

Magnús Sigfús Magnússon

Laufey Erlendsdóttir

Fríða Stefánsdóttir

Daði Bergþórsson

Elín Björg Gissurardóttir

Svavar Grétarsson

Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir